

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 15. febrúar 2018 kl. 9:30, en þetta var 59. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Runólfur Pálsson, læknir og ritstjóri Handbókar í lyflæknisfræði og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (25. jan. 2018) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „pregnancy“ (21 færsla), „marker“ (19 færslur), „gait“ (13 færslur), „claudication“ (3 færslur) og „periodic“ (4 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar. Þær verða síðan birtar í Orðabankanum á næstu dögum.

b) Kynnt var tillaga Runólfs Pálssonar um að breyta færslum í íðorðasafninu á þann veg að þar sem orðið „glomerule“ kemur fyrir, eitt sér eða í samsetningum, (samtals í 19 færslum) verði „gaukull“ aðalheiti en að núverandi aðalheiti „hnoðri“ eða „nýrnahnoðri“ verði samheiti. Þessi tillaga var samþykkt enda er hún í samræmi við viðtekna venju.

c) Fyrirspurn barst frá Lyfjastofnun um „sign“ og „symptom“ og hvort gerður sé skýr greinarmunur á þessum tveimur hugtökum (kynnt á síðasta fundi). JHJ hafði fengið óformlegt álit klínískra lækna og nú var einnig Runólfur beðinn um að tjá sig. Þetta var rætt ýtarlega á fundinum og niðurstaðan var að mikilvægt sé að halda þessum hugtökum aðskildum eins og kostur er.

3. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 15. mars 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:45.